

Alþingi
Erindi nr. þ 126/2066
komudagur 25.4.2001

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Þórshamri
150 Reykjavík

Reykjavík 24. apríl 2001

Efni: Frumvarp til laga um ~~opinber innkaup~~, 671. mál.

Samtökum iðnaðarins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um opinberar framkvæmdir.

Almennt séð eru SI jákvæð gagnvart þessu frumvarpi. Með þessu frv. er ekki verið að gera sérstakar efnislegar breytingar á gildandi lögum en þó nokkrar breytingar verða vegna breytinga á lögum um opinber innkaup sem er einnig fyrir Alþingi.

Rétt er þó að nefna að SI telja framkvæmdatímamann í opinberum framkvæmdum of skamman og að verktakar lenda of oft í vandræðum, óþarfa kostnaði og tafabótum vegna of naums framkvæmdatíma. SI telja að ef farið væri að gildandi lögum og þá að efnisatriðum frv. ef það verður að lögum mætti bæta þetta ástand verulega. Mýmörg dæmi eru um að of stuttur verktími þrýsti upp kostnaði við opinberar framkvæmdir að þarflausu.

Einnig er hugsanlegt að hið opinbera gerði framkvæmdaáætlun til lengri tíma t.d. tveggja ára, því með þeim hætti væri unnt að nýta fyrri árið til undirbúnings, gerð frumathugunar, áætlunargerð og útboðsmeðferð. Á seinna árinu væri svo framkvæmt í samræmi við áætlanir. Með þessu móti mætti hefja framkvæmdir fyrr á árinu og verktíminn væri ekki jafn skammur og hann er í dag.

Að öðru leyti gera SI ekki athugasemdir við þetta frumvarp.

Virðingarfyllst,
Samtök iðnaðarins


Ólafur Helgi Arnason